Naustin milli Tryggvagötu og Hafnarstrætis
Fornleifaskráning

Anna Lísa Guðmundsdóttir

Reykjavík 2026

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 242

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Naustin milli Tryggvagötu og Hafnarstrætis
Fornleifaskráning

Anna Lísa Guðmundsdóttir



Reykjavík 2026

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 242

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Unnið að beiðni Umhverfis og skipulagssviðs

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur
Anna Lísa Guðmundsdóttir

Mynd á forsíðu: *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*, MAÓ 101. Ljósmyndari Magnús Ólafsson árið 1901, hluti úr mynd.
Kort: Afmörkun framkvæmdasvæðisins, undir er skipulag úr Borgarvefsjá.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 242
Reykjavík 2026
Öll réttindi áskilin.

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Efnisyfirlit

Formáli 2
1. Inngangur 3
2. Saga svæðisins 4
3. Almennt um verndun menningarminja 8
4. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja 9
4.1 Skrá yfir fornleifar og yngri minjar við Naustin 11
Reykjavík 5-82 Hafnarstræti 12
Reykjavík 5-83 Túngarður - sjóvarnargarður 13
Reykjavík 5-132 Naust 13
Reykjavík 5-224 Tryggvagata 14
Reykjavík 5-284 Sjóvarnargarður 15
Reykjavík 5-285 Rennusteinar 16
5. Samantekt 17
6. Heimildir 17
Fylgiskjal 1. Minjatafla og minjakort 19

Formáli

Hér fer á eftir rannsókn og skrá yfir fornleifar á væntanlegu framkvæmdarsvæði við Naustin milli Hafnarstræti og Tryggvagötu. Svæðið er hluti af jörðinni Reykjavík og eru minjar skráðar undir hana. Skráningin er unnin að beiðni Umhverfis og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar[1] og fylgja þær ákvæðum um skráningu menningarminja sem er að finna í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.[2] Skráningin er gerð eftir reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 og skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands.[3] Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið 3560**.**

Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund ásamt varðveislumati.

Mars 2026
María Karen Sigurðardóttir
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna
Borgarsögusafni Reykjavíkur

[1] *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. https://borgarsogusafn.is/skyrslur
[2] Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[3] Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019; Minjastofnun Íslands, *Skráningarstaðlar fornleifa*, 2013.

1. Inngangur

Borgarsögusafn Reykjavíkur sinnir skráningu fornleifa í Reykjavík. Í þessari skýrslu er greint frá fornleifaúttekt á svæði sem áður tilheyrði jörðinni Reykjavík sem afmarkar Naustin milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu. Í skránni eru teknar fyrir allar þær minjar sem eru þekktar innan umrætt framkvæmdarsvæði, sjá mynd 1. við götuna eru friðuð hús sem eru 100 ára og eldri.



Mynd 1. Afmörkun framkvæmdarsvæðis.

Á árunum 2020 – 2022 var Tryggvagata á milli Pósthússtrætis og Grófarinnar ásamt norðurhluta Naustanna endurgerð. Vegna þess verkefnis liggja fyrir tvær skýrslur um það svæði, fornleifaúttekt og framkvæmdarvakt : „*Tryggvagata milli Pósthússtræti og Grófarinnar ásamt norðurhluta Naustanna Reykjavík*: Fornleifaúttekt vegna framkvæmda við Tryggvagötu og Naustin“[4] og „*Tryggvagata, Naustin og Grófin Framkvæmdarvakt 2020-2022*“[5]

[4] Gylfi Helgason, *Tryggvagata milli Pósthússtræti og Grófarinnar ásamt norðurhluta Naustanna Reykjavík*: Fornleifaúttekt vegna framkvæmda við Tryggvagötu og Naustin, Reykjavík 2020 FS791-20121, Fornleifastofnun Íslands ses.

[5] Stefán Ólafsson og fl., *Tryggvagata, Naustin og Grófin Framkvæmdarvakt 2020-2022*. Reykjavík 2023 FS92320191, Fornleifastofnun Íslands ses.

2. Saga svæðisins

Frá Læknum og vestur að Fálkahúsinu (Hafnarstræti 1) hafði árum eða öldum saman legið grjótgarður mikill á malarkambinum, aðallega til að verja Austurvöll fyrir ágangi sjávar. En fyrir norðan hann lá gata til Víkurbæjarins frá Arnarhólströðum.[6]



Mynd 2. Kaupstaðarlóðin 1787. Greina má grjótgarð með ströndinni (merkt Veÿ) frá Arnarhólslæk/Læknum að húsi merkt **æ,** sem var Fálkahúsið.

Við upphaf Innréttinganna var reist geymsluhús austarlega við Hafnarstræti að sunnanverðu sem var á síðari hluta árs 1755 tekið undir starfsemi kaðlagerðarinnar. Húsið dró nafn sitt af þessari starfsemi og var nefnt Reipslagarahúsið eða Kaðlarahúsið og þá var gatan nefnd *Reipslagarabraut*.[7] Síðar var hún nefnd Hafnarstræti og er ein af elstu götum bæjarins. Þegar Reykjavík fékk kaupstaðaréttindi árið 1786 voru einungis þrjú hús við Hafnarstræti; Kaðlarahúsið, Fálkahúsið (**æ**) og Konungsverslunin (**Z**). Eftir að verslunin var gefin frjáls og kaupmenn fóru að setjast hér að, þótti þeim strandlengjan frá Fálkahúsinu austur að læk tilvalið svæði til verslunarreksturs. Kaupmönnum var úthlutað lóðum fyrir innan fyrrnefndan garð í jaðri Austurvallar. Til að koma í veg fyrir átroðning á Austurvelli var þeim skylt að reisa girðingu að sunnan á lóðarmörkum.[8] Í framhaldi byggðu kaupmenn geymsluhús á fjörukambinum norðan við garðinn og trébryggjur þar sem þeir tóku varninginn á land.
Um 1801 þegar kort er gert af Reykjavík var gatan nefnd *Strandgata,* og þá var búið að reisa fimm bindingsverkshús sunnan við götuna merkt númer 4 – 10 (Pósthússtræti 3, Hafnarstræti 16, 18, 20 og 22).[9] Þessi elstu hús eru öll horfin nema Hafnarstræti 18 sem er að hluta til frá 1795[10], sjá mynd 3.

6 Uppdráttur Lievogs frá 1787, Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi. bls. 19; Jón Helgason, *Reykjavík 1786-1936*, bls. 17.
7 Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 6–8.
8 Uppdráttur Lievogs frá 1787, Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi. bls. 19; Jón Helgason, Reykjavík 1786-1936, bls. 17.
9 Uppdráttur Reykjavík 1801, hluti af korti eftir Ole Ohlsen og Ole Aanum. Sjómælingastofnunin í Kaupmannahöfn. Hér tekið eftir: Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi. bls. 23.
10 Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Húsakönnun, Austurstræti – Pósthússtræti – Hafnarstræti – Lækjargata,* bls. 16.



Mynd 3. Kort frá árinu 1801. Húsin sem eru merkt númer 4–20 voru þar sem nú er sunnanvert Hafnarstræti frá Kalkofnsvegi að Grófinni sem var uppsátur, eins og Naustin sem var austan við Fálkahúsið númer 18, merkt með blárri pílu. Norður er niður.[11]



Mynd 4. Hluti af ljósmynd frá 1865–1868. Fyrir miðju er Vesturgata 2 Bryggjuhúsið, austan við það er komin hluti af sökkli eða brimvarnargarði þar sem Naustin 1 sem var byggt 1887. Sjá má nokkra báta austan við Bryggjuhúsið og upp af þeim má greina grjótgarðinn (5-83). [12]

Götuheitið *Hafnarstræti* var formlega tekið upp árið 1848 en áður hafði gatan verið nefnd *Strandgata* og *Reipslagarabraut* eftir einu af geymsluhúsum *Innréttinganna* fyrir kaðlagerð. Gatan fylgir enn í dag fjörukambinum forna og skýrir það beygjuna sem á henni er.[13] Á seinni hluta 19. aldar risu geymsluhús norðan megin við Hafnarstræti samhliða því er nýir sjóvarnargarðar voru gerðir norðan við byggðina, sjá mynd 5. Í fjörunni eru þekkt uppsátur eins og Grófin og Naustin. Þar

[11] Reykjavík 1801, hluti af korti eftir Ole Ohlsen og Ole Aanum. Hér tekið eftir: Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 23; Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Húsakönnun, Austurstræti – Pósthússtræti – Hafnarstræti – Lækjargata*, bls. 16-17.
[12] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS 10 301, ljósmyndari A. M. Andersen skipstjóri, eftirtökukópía Sigríður Zoega.
[13] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 6–8.

geymdu bændur bátana sína, en einn af þeim var Magnús Einarsson í Melkoti.[14] Grófin var vestan við Vesturgötu 2 en Naustin austan við og líklega öll sandfjaran að Bæjarbryggjunni sem gekk fram af Pósthússtræti. Naustin varð síðar götuheiti.

Mynd 5. Hluti af korti af svæðinu frá 1887 eftir Benedikt Gröndal. Rauða húsið er Pósthússtræti 3 steinhlaðið hús, á horni Pósthússtræti og Hafnarstrætis, blá píla bendir á götuna Naustin, austan við er Brydepakkhúsið Naustin 1, norður er niður.

Á ljósmynd sem sýnir danska ferðamannahóp eftir Viðeyjarferð árið 1909 má greina garða sem eru austur af Naustinu 1, þá Pakkhús Brydeverslunarinnar, auk þess sem bátar eru í allri fjörunni að Bæjarbryggjunni.

Mynd 6. Danskir ferðamannahópur eftir Viðeyjarferð 15. júlí 1909.[15]

[14] Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 186.
[15] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. MAÓ 101, ljósmyndari Magnús Ólafsson árið 1909.

Mynd 7. Hluti af mynd 6. Naustin 1, pakkhús Brydeverslunar til hægri, og vestan við það má greina tvo garða sá fremri greinilega hlaðinn úr tilhöggnu grjóti (5-284) en sá syðri gæti verið úr torfi og grjóti (5-83), upp af þeim er húsið Hafnarstræti 4.[16]



Mynd 8. Hér hefur öllum kortum frá árunum 1787 til 1915 verið varpað á nútíma grunn og sýnir hvar hvaða byggingar stóðu á hverjum tíma.

[16] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. MAÓ 101, ljósmyndari Magnús Ólafsson áið 1909, hluti úr mynd.

3. Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer ráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[17]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.
Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, sbr. 24. gr.:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo skv. 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b**. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum,

[17] Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja (fornleifa, húsa og mannvirkja) er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaaðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaaðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, sbr. 28. gr.:

> Framkvæmdaaðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

4. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2026) eru um 4400 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist 1835–1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðatali J. Johnsen frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifa, hlaupandi tölu innan jarðar, t.d. Reykjavík 181285-5-1. Í fornleifaskrá og á kortum eru einungis notaðar tvær síðustu tölurnar sem í þessu tilfelli væri Reykjavík 5-1.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið ***3560***, hér nefnt MÍ-númer.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri skráningum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild** en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið

í ljós við jarðrask. Þá er reynt að áætla hvaða hlutverk minjar hafa haft, yfirleitt út frá staðsetningu, og mat lagt á ástand þeirra.

Lagt var mat á hættu sem minjar á áætluðu framkvæmdarsvæði eru í út frá þessari tilteknu framkvæmd. Hættumatið miðast yfirleitt við fjarlægð minja frá framkvæmdum enda eru meiri líkur á að minjar sem eru nær verði fyrir hnjaski en þær minjar sem eru fjær. Minjarnar voru flokkaðar samkvæmt skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands í þrjá hættu flokka: Engin hætta, hætta og mikil hætta.[18]

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN93 sem punktar, en ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar upp á vettvangi.

Minjar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 1. Aldursflokkar.

Flokkur	*Tegundir minja*	*Litur flokks*
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1925–1935	● Gulur
3	Minjar frá 1936 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Fornleifar innan og rétt við áætlað skipulagssvæði voru skráðar og mældar upp með Trimble Geo7 staðsetningartæki. Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap. Vettvangsrannsókn fór fram í mars 2026.

[18] Minjastofnun Íslands, *Skráningarstaðlar fornleifa,* 2013, bls. 26.

4.1 Skrá yfir fornleifar og yngri minjar við Naustin

Í þessari skrá er greint frá fornleifum á hluta af jörðinni Reykjavík, skráin nær til suðurhluta götunar Naustin, sjá mynd 1. Umrætt svæði er í túnjaðri Reykjavíkurbæjarins þar sem áður var ströndin. Elstu heimildir um mannvirki á þessu svæði er túngarður eða sjóvarnargarður (5-83) og naust (5-132) en ekki er vitað hvenær þessi mannvirki voru hlaðinn fyrst en þau koma fram á korti frá árinu 1787. Elstu húsin við þessa götu er Naustin 1 sem er byggt áið 1887 sem pakkhús Brydeverslunarinnar og austurhluti Hafnarstrætis 1 við Naustin sem var byggt 1885.[19] Þær minjar sem eru þekktar á svæðinu hafa verið staðsettar eftir gömlum kortum og staðsetning leiðrétt út frá heimildum.

Í götunni Naustin er enn hægt að sjá kant og brústeina (5-285). Á svæðinu er í gildi ***hverfisvernd byggðar, en hverfisvernd gildir um allt svæðið í Reykjavík innan Hringbrautar.*** Eitt af markmiðum hverfisverndar innan Hringbrautar er, samkvæmt borgarverndarstefnu Reykjavíkur sem tilgreind er í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 (A-hluta, Borg fyrir fólk) að ***„við hönnun og endurgerð almenningsrýma, t.a.m. götur, gangstéttir, kantsteina, lýsingu, merkingar og önnur götugögn, verði menningarsögulegum gildum haldið á lofti“***.[20] Því er mikilvægt að skoða við endurhönnun og endurnýjun að ekki ***verði raskað þeim kant- og brústeinum sem kunni að vera innan framkvæmdarsvæðisins***. Jafnframt er æskilegt að horft verði til þess við hönnun og endurnýjun götunar að tekið verði mið af og/eða endurnýtt önnur eldri götugögn á svæðinu, svo sem gangstéttarhellur, hleðslusteinar og annað sem er einkennandi fyrir svæðið. Þannig verði sögulega vídd og samhengi á milli fortíðar og nútíðar í umhverfi svæðisins skert eins lítið og kostur er. Í götunni eru líklega að finna sjóvarnargarða og mætti staðsetja þá á yfirborðinu til *minningar um fjörumörk fyrri tíma*.

Mynd 9. Fornleifar á framkvæmdarsvæðinu.

[19] Nikulás Úlfar Másson og Ágústa Kristófersdóttir, *Byggingarsaga Grófin,* skýrsla 76.
[20] Sjá *Húsvernd í Reykjavík. Svæðið innan Hringbrautar / Snorrabrautar*. Þemahefti með *Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016*. Ritstjóri: Nikulás Úlfar Másson. Reykjavík 1998, bls. 17 og kort bls. 24.

Reykjavík 5-82 Hafnarstræti

Safnnr.	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Tegund*	*Aldur*	*Hnit X ISN93*	*Hnit Y ISN93*	*Lengd m*	*Breidd m*	*Ástand*	*Horfin*
5-82	Reipslagarabraut, Strandgata, Hafnarstræti	Gata/leið, troðningur	Gata	1787	356937	408375	250	8	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Hafnarstræti er gata í miðbæ Reykjavíkur. Öldum saman lá aðal leiðinn um Arnarhólstraðir, yfir Lækinn með fjörunni vestur í Grófina að Reykjavíkurbænum. Norðan megin Hafnarstrætis, voru víða stakkstæði. Götuheitið Hafnarstræti var formlega tekið upp árið 1848 en áður hafði gatan verið nefnd Strandgata og Reipslagarabraut eftir einu af geymsluhúsum Innréttinganna sem var fyrir kaðlagerð. Gatan fylgir enn í dag forna fjörukambinum og skýrir það sveigjuna sem á henni er.[21] Á korti frá 1787 af Kaupstaðarlóðinni er merkt inn gata með fram ströndinni norðan sjóvarnargarðsins (5-83), sem hefur verið forveri Hafnarstrætis, sjá mynd 10.[22]
Lýsing: Horfin af yfirborði en gæti leynst neðanjarðar. Gata hefur verð um 300 m löng frá Aðalstræti að Læknum við Arnahólstraðir.



Mynd 10. Kort frá árinu 1801. Húsin sem eru merkt númer 4–20 voru þar sem nú er sunnanvert Hafnarstræti frá Kalkofnsvegi að Grófinni þar sem var uppsátur, eins og Naustin austan við Fálkahúsið númer 18, merkt með blárri pílu. Norður er niður.[23]

[21] Páll Líndal, *Reykjavík, Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 6–8.
[22] Uppdráttur Lievogs frá 1787, Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi. bls. 19; Jón Helgason, *Reykjavík 1786-1936*, bls. 17.
[23] Uppdráttur Reykjavík 1801, hluti af korti eftir Ole Ohlsen og Ole Aanum, Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi. bls. 23; Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Húsakönnun, Austurstræti – Pósthússtræti – Hafnarstræti – Lækjargata*, bls. 16–17.

Reykjavík 5-83 Túngarður - sjóvarnargarður

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-83		Túngarður, sjóvarnargarður	Heimild	1787	356940	408399	10	16	Sést ekki	Að hluta

Staðhættir: Á korti Lievogs frá árinu 1787 af Kaupstaðarlóðinni er merktur inn grjótgarður með fram ströndinni. Hann lá frá Lækjarósnum vestur að Grófinni, og hefur hann verið hlaðinn til að verja Austurvöll fyrir ágangi sjávar og til að afmarka túnið. Með garðinum lá leiðinn (5-82) til Reykjavíkur frá Arnarhóli. Þessi leið varð síðar Hafnarstræti. Sunnan við garðinn var kaupmönnunum úthlutað lóðum fyrir verslunarhús sín á seinni hluta 18. aldar, þeim var gerð skylda að setja upp girðingu til að afmarka verslunarlóðirnar að sunna, svo Austurvöllur yrði ekki fyrir átroðningi.[24]
Lýsing: Garðurinn hefur verð grjóthlaðinn um 300 m langur frá Fálkahúsinu að Læknum við Arnahólstraðir. Hugsast getur að hluti af hleðslu þessa garðs hafi komið í ljós við fornleifarannsókn á lóð Hafnarstrætis 21, skráð sem mannvirki 9.[25]



Mynd 11. Kaupstaðarlóðin 1787. Greina má grjótgarð með ströndinni, þar sem er merktur inn slóði/vegur (Veÿ) frá Arnarhólslæk/Læknum að húsi merkt **æ,** sem var Fálkahúsið.[26]

Reykjavík 5-132 Naust

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-132	Naustin	Naust	Heimild	1787	356923	408406	7	5	Sést ekki	Að hluta

Staðhættir: Samkvæmt korti af Kaupstaðarlóðinni síðan árið 1787, er merkt inn lítið hús, norðan við Fálkahúsið sem er merkt með **æ** á kortinu, þetta var trúlega naust, sjá mynd 10.[27] Samfelld sand- og malarfjara var forðum fyrir austan Vesturgötu 2 og alla leið móts við Hafnarstræti 19. Þar fyrir austan tók við grjóturð að Lækjarósnum.

[24] Uppdráttur Reykjavík 1801, hluti af korti eftir Ole Ohlsen og Ole Aanum, Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi. bls. 23; Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir, *Húsakönnun, Austurstræti – Pósthússtræti – Hafnarstræti – Lækjargata*, bls. 16–17.
[25] Oskar Aldred, *TRH 06-07 The Archaeology og Reykjavík Water Front, Interim report*, 2007, bls. 55.
[26] Uppdráttur Lievogs frá 1787, Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 19.
[27] Uppdráttur Lievogs frá 1787, Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls. 19.

Vestasti hluti þessa svæðis var kölluð Naustin. Þar sem gatan Naustin er nú var áður útræði, kallað „að róa úr sandinum“. Þaðan reru Magnús frá Melkoti og Kristján Erlendsson frá Hólakoti.[28] Naustin hafa líklega verið fleiri en eitt, samanber nafnið.
Lýsing: Húsið hefur verið um 7 *x* 5 m. Horfið, en gæti leynst undir yfirborði.

Reykjavík 5-224 Tryggvagata

Safnnr.	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Tegund*	*Aldur*	*Hnit X ISN93*	*Hnit Y ISN93*	*Lengd m*	*Breidd m*	*Ástand*	*Horfin*
5-224	Tryggvagata	Gata	Gata	1913	356958	408430	450	15	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Tryggvagata er nefnd eftir Tryggva Gunnarssyni bankastjóra og alþingismanni sem var atkvæðamikill í Reykjavík um aldamótin 1900. Gatan varð til á uppfyllingunni sem gerð var við hafnargerðina 1913-1917. Nafnið var samþykkt í bæjarstjórn árið 1923.[29] Við endurnýjun götunar á árunum 2020-2022 komu í ljós hleðslur sem tengdust hafnargerð á fyrri hluta 20. aldar og höfðu sumar af þessum minjum komið í ljós áður.[30]
Lýsing: Gatan er hellulögð og malbikuð.

Mynd 12. Tryggvagata árið 1919-20. Sunnan við Tryggvagötu til vinstri er pakkhús Brydeverslunar Naustið 1, og vestar Grófin 1. Norðan við götuna eru ýmis pakkhús og geymslur.[31]

[28] Einar S. Arnalds, Reykjavík, sögustaður við Sund, 4. bindi, bls. 66; Þorbergur Þórðarson, *Lifnaðarhættir í Reykjavík á síðari helming 19. aldar.* Landnám Ingólfs, II 1938, bls. 231.
[29] Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun Vesturgata – Norðurstígur – Tryggvagata - Grófin*, skýrsla 88, 2001, bls.4.
[30] Stefán Ólafsson og fl., *Tryggvagata, Naustin og Grófin Framkvæmdarvakt 2020-2022*. Reykjavík 2023 FS92320191, Fornleifastofnun Íslands ses, bls. 2.
[31] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. MAÓ 245, ljósmyndari Magnús Ólafsson, árið 1919-20.

Reykjavík 5-284 Sjóvarnargarður

Safnnr.	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Tegund*	*Aldur*	*Hnit X ISN93*	*Hnit Y ISN93*	*Lengd m*	*Breidd m*	*Ástand*	*Horfin*
5-284	Naustin	Sjóvarnargarður	Heimild	1887 - 1900	356945	408402	16	1	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Sjóvarnargarður austan við Naustin 1, áður "Pakkhús Brydeverslunar," en garðurinn sést á ljósmynd frá árinu 1909 sjá mynd 11.[32]
Lýsing: Þetta er steinhlaðinn garður úr tilhöggnu grjóti, horfinn af yfirboði en gæti leynst í jörðu.

Mynd 13. Hluti af mynd 6, Naustin 1, pakkhús Brydeverslunar, vestan við það má greina tvo garða sá fremri greinilega hlaðinn úr tilhöggnu grjóti (5-284) en sá syðri gæti verið úr torfi og grjóti (5-83), upp af þeim er húsið Hafnarstræti 4. Brimvarnargarðar eru síðan undir pakkhúsinu og á því miðju sér í bólverkið sem er norðan við Vesturgötu 2 (5-134).[33]

[32] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. MAÓ 101, ljósmyndari Magnús Ólafsson.
[33] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. MAÓ 101, ljósmyndari Magnús Ólafsson árið 1909, hluti úr mynd.

Reykjavík 5-285 Rennusteinar

Safnnr.	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Tegund*	*Aldur*	*Hnit X ISN93*	*Hnit Y ISN93*	*Lengd m*	*Breidd m*	*Ástand*	*Horfin*
5-285	Naustin	Renna	Steinn	?	356951	408404	10	16	Gott	Nei

Staðhættir: Í götunni Naustin eru en tilhöggnir grágrýtis kantsteinar og brústeinar að austan við götuna Naustin, en að vestan hefur verið malbikað yfir brústeinana.
Lýsing: Steinar sem aðskilja malbikaða götu og gangstétt.



Mynd 14. Kant og brústeina eru við Naustin að austan verður, en að vestan sjást bara kannasteinar.

5. Samantekt

Á framkvæmdarsvæðinu eru skráðir sex minjastaðir. Þetta eru sjóvarnargarðar, götur og naust, allt minjar frá 18. til 20. öld. Minjarnar er að finna í eða við götuna Naustin, Tryggvagötu og Hafnarstræti. Þarna var áður stór sandfjara, útræði og var það kallað „að róa úr sandinum“. Þaðan gerðu út margir sem bjuggu í nágrenninu. Á ljósmynd frá upphafi 20. aldar af svæðinu má sjá marga árabáta í fjörunni á milli Naustin 1 og Bæjarbryggju sem lá út frá Pósthússtræti. Hafnarstrætið er ein af elstu götum bæjarins og liggur það eftir gamla fjörukambinum og þar höfðu verslunareigendur aðstöðu allt frá byrjun 19. aldar og fram á þá tuttugustu. Búast má við að finna fornleifar frá þessu tímabili í jörðu á þessu svæði. Við gerð Hafnarinnar 1913 var ströndin færð fram og fyllt upp í svæðið og þá varð gatan Naustin til, líklega kringum 1923-25 þegar húsið Hafnarstræti 5 var byggt. Ekki er alveg ljóst hvar naustin voru, en gætu hafa verið á þessu svæði. Tryggvagata

Minjastofnun Íslands setur fram kröfur um hvernig meðhöndla eigi fornleifar í götustæðum og ef til framkvæmda kemur.

Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram, er það ekki trygging fyrir því að ekki séu óþekktar fornleifar á svæðinu. Því skal tilkynna Minjastofnun Íslands um þessa framkvæmd.

6. Heimildir

Óprentaðar og óútgefnar heimildir og skjöl

Borgarsögusafn Reykjavíkur:
Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).
Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn: Sarpur.
Húsaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá og gagnasafn.
Korta- og uppdráttasafn.
Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík:
Heimildaskráning í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands. Unnið af Gunnari Bollasyni og Birnu Gunnarsdóttur. 1999–2000.
Guðmundur Ólafsson og fl. Fornleifaskrá Reykjavíkur, 1985. Þjóðminjasafn Íslands.
Rafræn gögn:
Ljósmyndir teknar við vettvangskannanir. Sjá upplýsingar neðanmáls.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Sjá upplýsingar í neðanmálsgreinum.
Ljósmyndir úr safneign. Sjá upplýsingar í neðanmálsgreinum.

Prentaðar og útgefnar heimildir

Anna Lísa Guðmundsdóttir o.fl., *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn.* Skýrsla 117. Minjasafn Reykjavíkur, 2005.

Einar S. Arnalds. *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 4. bindi (Lykilbók), 1989.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir o.fl.: Kvosin, Byggingarsaga Reykjavíkur, 1987.

Helga Maureen Gylfadóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir. *Húsakönnun, Austurstræti – Pósthússtræti – Hafnarstræti – Lækjargata.* Skýrsla 132. Minjasafn Reykjavíkur, 2006.

Jón Helgason. *Reykjavík 1786–1936.* Þættir og myndir úr sögu bæjarins, 1937.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Oskar Aldred. *TRH 06-07 The Archaeology of Reykjavík Water Front, Interim report*, Fornleifastofnun Íslands, FS353-06322, 2007.

Páll Líndal. *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, 1987.

Stefán Ólafsson og fl., *Tryggvagata, Naustin og Grófin Framkvæmdarvakt 2020-2022*. FS92320191, Fornleifastofnun Íslands ses. 2023.

Þorbergur Þórðarson. *Lifnaðarhættir í Reykjavík á síðari helming 19. aldar*. Landnám Ingólfs, II 1938.

Vefheimildir / rafræn gögn / kortasjár

Alþingi, https://www.althingi.is/

Lagasafn, https://www.althingi.is/lagasafn/

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur nr. 69/1931.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Stjórnartíðindi, https://www.stjornartidindi.is/

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.

Minjastofnun Íslands. https://www.minjastofnun.is/

Fornleifar. Skráning fornleifa, https://www.minjastofnun.is/is/fornleifar/skraning-fornleifa

Skráningarstaðlar fornleifa, 2013.
https://www.minjastofnun.is/static/files/Fornleifaskraning/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Leiðbeiningar um skilaferli, 2017. Skil á fornleifaskráningargögnum:
Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn.
https://www.minjastofnun.is/static/files/Fornleifaskraning/skilaferli-skraningargagna_leidbeiningar.pdf

Reykjavíkurborg. https://reykjavik.is/

Borgarsögusafn Reykjavíkur, https://borgarsogusafn.is/
Skýrslur, https://borgarsogusafn.is/skyrslur

Borgarvefsjá, https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/

Skjalasafn Reykjavíkur, https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/

Sjá upplýsingar í neðanmálsgreinum.

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn. https://sarpur.is/

Fylgiskjal 1. Minjatafla og minjakort

Safnnr.	*Sérheiti*	*Hlutverk*	*Tegund*	*Aldur*	*Hnit X ISN93*	*Hnit Y ISN93*	*Lengd m*	*Breidd m*	*Ástand*	*Horfin*
5-82	Reipslagarabraut, Strandgata, Hafnarstræti	Gata/leið	Gata	1787	356937	408375	250	8	Sæmilegt	Nei
5-83		Túngarður, sjóvarnargarður	Heimild	1787	356940	408399	10	16	Sést ekki	Að hluta
5-132	Naustin	Naust	Heimild	1787	356923	408406	7	5	Sést ekki	Að hluta
5-224	Tryggvagata	Gata	Gata	1913	356958	408430	450	15	Sæmilegt	Nei
5-284	Naustin	Sjóvarnargarður	Heimild	1887–1900	356945	408402	16	1	Sæmilegt	Nei
5-285	Naustin	Renna	Steinn	1950?	356951	408404	10	16	Sæmilegt	Nei



Mynd 15. Framkvæmdarsvæði við Naustin.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur

190 Sólrún Inga Traustadóttir: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2017.* Rvk. 2018.

191 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi.* Rvk. 2018.

192 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna athafnasvæðis á Hólmsheiði.* Rvk. 2018.

193 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Köllunarklettur Þ47. Héðinsgata, Köllunarklettsvegur, Sundagarðar, Sæbraut.* Rvk. 2018.

194 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Stórahnjúk Úlfarsfelli.* Rvk. 2018.

195 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á bæjarstæði Mógilsár.* Rvk. 2019.

196 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Dunhagi, Hjarðarhagi, Tómasarhagi. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019.

197 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2018.* Rvk. 2019.

198 Anna Sofía Kristjánsdóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Sjómannaskólareitur. Nóatún, Háteigsvegur, Vatnsholt, Skipholt. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2019.

199 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á lóð fyrir innsiglingamerki á Gufuneshöfða.* Rvk. 2019.

200 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Nauthólsvík og Nauthólsvíkurvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2019

201 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning á hluta jarðarinnar Jörfa á Kjalarnesi vegna deiliskipulags.* Rvk. 2019.

202 Sólrún Inga Traustadóttir, Almar Smári Óskarsson, Anna Soffía Ingólfsdóttir, Björn Ari Örvarsson, Ísak Freyr Valsson, Jóhanna Valgerður Guðmundsdóttir, Katrín Alda Ámundadóttir, Snædís Sunna Thorlacius: *Fornar rætur Árbæjar. Fornleifarannsókn. Framvinduskýrsla 2019.* Rvk. 2020.

203 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Alma Sigurðardóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Elliðaárdalur. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2020.

204 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Nýi-Skerjafjörður. Fornleifaskrá og húsakönnun.* Rvk. 2021.

205 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Göngustígur í Öskjuhlíð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2020.

206 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Skúlagata – Frakkastígur 1. Fornleifaskrá.* Rvk. 2020.

207 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi austur að Hólmsá. Fornleifaskrá.* Rvk. 2020.

208 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Veðurstofuhæð. Húsakönnun*. Rvk. 2021.

209 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Veðurstofuhæð. Fornleifaskrá*. Rvk. 2022.

210 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Laugavegur sem göngugata 2. áfangi*. Fornleifaskrá. Rvk. 2021.

211 Alma Sigurðardóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir: *Ártúnshöfði. Svæði 1-4. Húsakönnun*. Rvk. 2021.

212 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir*: Ártúnshöfði. Fornleifaskrá.* Rvk. 2021.

213 Sólrún Inga Traustadóttir, Ásta Rakel Viðarsdóttir, Þóra Kristín Briem, Jakob Kristján Þrastarson, Ögn Þórarinsdóttir*: Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2020.* Rvk. 2021.

214 Drífa Kristín Þrastardóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Holtsgata 10-12 og Brekkustígur 16. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2021.

215 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskrá. Vesturgata - Framkvæmdarsvæði frá Stýrimannastíg að Bræðraborgastíg og þaðan niður að Hlésgötu*. Rvk. 2021.

216 Drífa Kristín Þrastardóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir, Margrét Björk Magnúsdóttir, María Gísladóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 6 – Breiðholt*. Rvk. 2021.

217 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Rauðhólar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

218 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Sörlaskjól. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

219 Sólrún Inga Traustadóttir, Albína Hulda Pálsdóttir, Brynja Árnadóttir, Gavin Lucas, Sigþór Bjarmi Geirsson, Torbjörn Brorsson*: Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2021.* Rvk. 2022.

220 Salvör Jónsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Stúdentagarðar við Eggertsgötu. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Rvk. 2022.

221 Alma Sigurðardóttir: *KR-svæðið – Frostaskjól 2-6. Húsakönnun*. Rvk. 2022.

222 Salvör Jónsdóttir: *Keldur og Keldnaholt. Húsakönnun*. Rvk. 2022.

223 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.

224 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskrá. Borgarhluti 3 – Hlíðar*. Rvk. 2023.

225 Sólrún Inga Traustadóttir, Daníel Freyr Ívarsson, Guðrún M. Eyfjörð Skarphéðinsdóttir, Ingvar Örn Magnússon, Jóhanna Teuffer, Margrét Rós Svansdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2022*. Rvk. 2023.

226 Guðlaug Erna Jónsdóttir og Salvör Jónsdóttir: *Bensínstöðvar á uppbyggingarlóðum. Húsakönnun*. Rvk. 2023.

227 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Leirtjörn vestur. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.

228 Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning fyrir skotsvæði á norðanverðu Álfsnesi.* Rvk. 2023.

229 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Klöpp – Skúlagata. Fornleifaskrá*. Rvk. 2023.

230 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna Borgarlínu – Lotu 1. Ártúnshöfði – Fossvogur*. Rvk. 2023.

231 Anna Lísa Guðmundsdóttir: *Þjóðarhöll. Fornleifaskrá*. Rvk. 2024.

232 Steinunn Guðmundsdóttir: *Laugardalur – Þjóðarhöll. Húsakönnun*. Rvk. 2024.

233 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Gufunes – Samgöngutengingar. Fornleifaskrá*. Rvk. 2021.

234 Sólrún Inga Traustadóttir, Erla Arnardóttir, Eva Bryndís Ágústsdóttir, Heiðar Berg Hjartarson, Lovísa A. Jónsdóttir, Margrét Helgadóttir, Rósa Stefánsdóttir: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2023*. Rvk. 2024.

235 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Reykjanesbraut – Bústaðavegur. Fornleifaskrá*. Rvk. 2024.

236 Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Hólmsheiði – Athafnasvæði áfangi 2. Fornleifaskráning og húsakönnun vegna deiliskipulags*. Rvk. 2024.

237 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning á landsvæðum innan jarðanna Keldna, Grafar, Korpúlfsstaða og Lambhaga*. Rvk. 2024.

238 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Sundabrautar.* Rvk. 2025.

239 Sólrún Inga Traustadóttir o.fl.: *Fornar rætur Árbæjar – Fornleifarannsókn. Áfangaskýrsla 2024*. Rvk. 2025.

240 Drífa Kristín Þrastardóttir: *Elliðavatnsbletti. Húsakönnun*. Rvk. 2025.

241 Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir: *Staðarhverfi – Korpúlfsstaðavöllur Deiliskipulagsbreyting: reytur b. Fornleifaskráning.* Rvk. 2026.